

814. fundur

Árið 2025, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 13. ágúst, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásrún Helga Kristinsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Jónína Magnúsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Tilkynning um stjórn MR – umboð vegna almennra bankaviðskipta.*
Stjórn S.S.S. er jafnframt stjórn Markaðsstofu Reykjaness. Stjórn M.R. skipuð eftirfarandi:
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður
Jónína Magnúsdóttir, varaformaður
Björn G. Sæbjörnsson, ritari
Ásrún Helga Kristinsdóttir, meðstjórnandi.

Stjórn M.R. veitir framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum Berglindi Kristinsdóttur fullt umboð til almennra bankaviðskipta f.h. félagsins.
- 2. Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2024.*
Kristján Ragnarsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn. Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2024 samþykktur samhljóða.
- 3. Bréf dags 05.06.2025 frá vinum íslenskar náttúru.*
Lagt fram til kynningar.
- 4. Tilnefning í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja – Suðurnesjabær.*
Stjórn S.S.S. staðfestir tilnefningu Suðurnesjabæjar í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.
Aðalmenn Suðurnesjabæjar eru eftirfarandi:
 - Hlynur Þór Valsson
 - Særún Rósa Ástþórsdóttir

Varamenn eru:

- Jónína Magnúsdóttir
- Magni Freyr Guðmundsson

5. *Fjárhagsáætlun 2026.*

Stjórnin ræddi forsendur fjárhagsáætlunar 2026. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður stjórnar.

6. *Aðalfundur S.S.S. 2025.*

Aðalfundur S.S.S. verður haldinn laugardaginn 4. október. Fundurinn verður haldinn í Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Formaður stjórnar lagði fram ósk frá Reykjanesbæ um breytingar á samþykktum S.S.S., sem fela í sér að Reykjanesbær gegni alltaf formennsku.

7. *Önnur mál.*

Samráðsfundur með innviðaráðaherra verður haldinn á Suðurnesjum, mánudaginn 18. ágúst, kl. 16:30. Fundurinn verður haldinn á Park Inn, by Radisson og er opinn öllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Ásrún H. Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir